

**Nd.**

## **458. Frumvarp**

til laga um notkun einkennisbúninga og annara einkenna.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Steingrímur Steinþórsson.

### **1. gr.**

Enginn má nota einkennisbúninga eða önnur einkenni, sem gefa til kynna, að þeir, sem þau bera, séu í ákveðnum flokki eða félagi, nema heimild dómsmálaráðherra komi til. Þó getur ráðherra aldrei veitt slíka heimild, ef líklegt má telja, að einkennið verði notað sem tákn sérstakra stjórnmalaskoðana.

### **2. gr.**

Félögum þeim og stofnunum, sem áður en frumvarp þetta er borið fram hafa helgað sér einkennisbúninga eða einkenni, skal veitt heimild til að halda þeim áfram, enda hafi þau sótt um það eigi síðar en 14 dögum eftir að lög þessi ganga í gildi, og víst sé, að slíkt leyfi komi ekki í bága við ákvæði 1. greinar.

### **3. gr.**

Nú kemur í ljós, eða líklegt má telja, að einkenni er notað gagnstætt því, sem til var ætlað er leyfi var veitt, og skal ráðherra þá svipta leyfishafa heimild til að nota einkennið.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, allt að 5000 kr., og skal fara með mál, er af þeim brotum rísa, sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þar, sem æsingar stjórnmalanna hafa gengið hæst í löndunum umhverfis, hefir það tíðkæzt allmikið að nota einkennisbúninga og önnur einkenni, til að geta betur fylkt liði til bardaga og áfloga um ágreiningsmálin. Hafa það einkum verið öfgaflokkarnir og þeir, sem ofbeldið hylla, sem til slíkra ráða hafa gripið. Í Danmörku hafa nú nýlega verið sett lög til að stemma stigu fyrir slíku og tryggja betur frið og öryggi í landinu.

Hér eru öfgar þessar í byrjun, og er þegar farið að bóla á því, að þær vilji grípa til slíkra ráða og apa eftir skoðanabræðrum sínum erlendis. Er því full ástæða til að stöðva slíkan ófögnuð í tíma, áður en hann hefir náð að festa rætur að mun. Virðast æsingar stjórnmalanna ærið nógar hér, þó að því sé varnað, að menn beri skoðanirnar utan á sér, til að geta betur beitt handafli til átaka um þau mál.